

Þing Landssambands Íslenskra verzlunarmanna 24. – 25. mars 2022

Ályktun Húsnæðismál

32. Þing Landssambands íslenskra verzlunarmanna telur það neyðarástand sem hér hefur skapast í húsnæðismálum verði ekki leyst með öðru en sameiginlegu átaki ríkis, sveitarfélaga og samtaka aðila á vinnumarkaði. Húsnæði er grunnþörf og aðgangur að mannsæmandi húsnæði lykilatriði í því að skapa hér félagslegan stöðugleika og velferð. Það er ófrávikjanleg krafa okkar að launafólki standi til boða húsnæði á viðráðanlegu verði, hvort sem er til eignar eða leigu.

Til að tryggja stöðugleika og fyrirsjáanleika á húsnæðismarkaði verður að marka stefnu til lengri tíma sem byggir á traustu framboði af byggingarhæfum lóðum. Sveitarfélögin verða að leggja sitt af mörkum hvað það varðar og við skorum á lífeyrissjóðina að fjárfesta til framtíðar í íbúðarhúsnæði eins og gert er í nágrannalöndum okkar enda hefur það sýnt sig að slík fjárfesting gefur góða ávöxtun til lengri tíma litið.

LÍV harmar að ríkisvaldið hafi ekki enn staðið við sinn hlut þegar kemur að því að afnema verðtryggingu á neytendalánum sem var hluti af Lífskjarasamningnum. Það er brýnt þegar útreikningur vísitölu neysliverðs er skoðaður að ekki sé horft til hækkunar á fasteignaverði eins og nú er gert, heldur verði horft til hækkunar á leiguverði enda endurspeglar leiguverð mun betur það ástand sem er á húsnæðismarkaði og raunverulegan kostnað við húsnæði.

Leigumarkaður á Íslandi er óburðugur og réttarstaða leigjenda afar veik gagnvart leigusölum. LÍV telur framlag óhagnaðardrifinna leigufélaga eins og Bjargs og Blævar afar mikilvægt og leggur áherslu á frekari uppbyggingu leiguíbúða. Leiguverð á Íslandi ræðst af takmörkuðu framboði leiguhúsnæðis en víða í nágrannalöndum okkar mótast það af rekstrarkostnaði leiguhúsnæðis. Þing LÍV skorar á stjórnvöld að koma á sambærilegu fyrirkomulagi hér á landi til að koma í veg fyrir okurleigu og tryggja húsnæðisöryggi.